Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 20

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Gísli Halldórsson

Vjer höfum meðtekið frá yður skuldakröfu vegna Gísla Halldórssonar og vonumst geta gegnt henni áður en mjög langt um líður.

Ef Gísli er hjá yður áfram upp á kostnað Gnúpverjahrepps, þá biðjum vjer yður að senda hann sem allra fyrst austur hingað. Ef Gísli getur ekki komizt sjálfur, þá viljum vjer biðja yður að útvega honum vegabrjef hjá fógetanum, svo að hann verði fluttur fátækraflutningi, sem er sá venjulegi flutningur þegar svona stendur á. Ef nokkur efi getur leikið á því, hvort hann sje flutningsfær, þarf hann að fá læknisvottorð.

Hreppsnefndin í Gnúpverjahrepp 26/5 87

Valdimar Briem. Ólafur Jónsson Þorvaldur Jónsson

Til herra Jóhannesar Teitssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
herra Jóhannesar Teitssonar
í Fjelagshúsi
við Reykjavík.

0.65
8.06
8.61
5.16
22.48

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð ábyrgist jeg undirskrifaður að barnið

Halldóra Ólafsdóttir skal aldrei koma Reykjavíkur

bæ til þyngsla hvernig sem fellur

Reykjavík 26 Juli 1886

Bergur Þorleifsson

(söðlasmiður)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12
80
960
80
10,40

105
60

3.59
2.11
5.60
11.52
17.12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

fyrir umönnun og undirhald á Ingbjörgu Sigurdardóttur í legu hennar í 7 vikur þá er hún ól andvana barn, í sídastl. Marts og April.

Fyrir 2 kvennmenn að vaka yfir henni og annast hana í 49 sólarhringa, 1 króna um hvern sólarhring, er samtals — — — 49 kr.

Fæði hennar í 7 vikur, 2 kr. um hverja viku = 14 —

Samtals // 63 kr.

Þessar sextíu og þrjár krónur óska jeg að mjer verði borgaðar sem fyrst af framfærsluhreppi hjeðrar Ingibjargar Sigurdardóttur, Holtamanna-hreppi í Rangarvallasýslu. —

Reykjavík, 5. júni 1886

Stefán Arnbjörnsson

Bpr 346/86.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvar er annar kostnaður við útför barnsins móðirin: Ingibjörg Sigurðardóttir sveitl. í Rangárv. (líkklæði

Med. 24/6 86

# Reykningur

til Madame Ragnhildar Einarsdótt. R.

| 1886 | | kr | or |
|---|---|---|---|
| í Marts | Smíðað Barnsstokk og lagt til alt efni | „6 | 00 |
| | als | „6 | 00 |

Reykjavík 21 júní 1886
Þorkell Gíslason

Bfspl 365/86.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brynjólfur Brynjólfsson

Með bréfi dagsettu 9. f. m. hefur þú kvartað
undan erfiðum ástæðum þínum, og beðist
eptir að fá styrk til framfæris þér og þínum
héðan af hreppi, og farið framá að hann gæti
orðið í góðum aurum 40 kr. virði.

Þrátt fyrir þá þungu byrði - sem nú leggst
á Grímsnesshrepp í hinum síkallandi
fjárbænum af þurfamönnum hreppsins,
sem gjöra fjöldans og árferðisins vegna,
allt óviðráðanlegt - hefur hreppsnefndin á
fundi í dag ávísað þér hjá herra Magnúsi
Sæmundssyni Búrfelli 30 kr. virði, og
verður þú sem fyrst að vitja þeirra til
hans. -

Nefndin kannast vel við að þín þörf
í þessu efni, er ekki sprottin af fyrirhyggju-
leysi þínu, heldur af þeim orsökum sem -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þér hefur ekki verið auðið að fyrirbyggja.

Í umboði hreppsnefndar Grímsnesshrepps

27. okt. 1886.

Þorkell Jónsson

Til

Brinjólfs Brinjólfssonar, Garðbæ

við Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr Brinjólfur Brinjólfsson.

Garðbæ

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Jón Jónsson frá Breiðabólsstaðar-
gerði viðurkenni hjermeð að hafa fengið til láns ~~hjá~~ úr
fátækrasjóðnum í Reykjavík í vandræðum mínum hjer
10 Krónur, og má bæjarfógetinn í Reykjavík til borgunar
þessum 10 kr. og sömuleiðis 19 kr., sem mjer voru lánaðar
úr sama sjóði í haust e leið, samtals 29 kr. – taka
þessa upphæð, 29 Krónur, af peninga sendingu, sem jeg
á í Thorshavn, að upphæð 230 kr., samkvæmt meðfylgjandi
póstkvittun og sem jeg ætla að biðja póstmeistarann að
sjá um verði hingað send og ~~skilað~~ afhent bæjarfógeta.

Reykjavík 23. júlí 1886

Jón Jónsson
(handsalað)

Vottar
Ólafur Thorberg.
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/7

Lánið samþykkt á bæjarstj. fundi 1. sept. þ. á.

~~Skrif. sýslum. og [illegible] ávísun~~ 25/8 86

Samkvæmt brjefum bæjarfógetans í Reykjavík dagsettum 28. maí f. á. og 8. janúar þ. á. hef jeg lagt út við Gránufjelagsverzlun á Vestdalseyri til Jóhanns Ringsteds eptir tilmælum fátækrastjórnarinnar í Reykjavík 250 kr., sem var styrkur handa Jóhanni til að flytja íbúðarhús sitt og hefur bæjarfógetinn í sama brjefinu beðið um frest til vorsins sem leið á endurborgun þessarar skuldar.

Þar eð skuld þessi er enn ógreidd, þá gef jeg hjer með herra sýslumanni Einari Thorlacius fullt umboð til fyrir mína hönd að veita skuld þessari, 250 kr., móttöku og kvitta fyrir hana, og skal það sem hann gjörir í þessu efni vera jafngilt og ef jeg hefði gjört það sjálfur.

Vestdals—

Bfst No 387/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eyri, hinn 3. júlí 1886.

Sigm. Jónsson

Vottar:

Bjarni Jensson

Ólafur Rúnólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt ákvörðun fátækranefndarinnar á fundi 28. maí þ.á. ávísast sýslumanninum ~~Einari Thorlacius~~ í Norðurmúlasýslu úr bæjarsjóði 250 - tvö hundruð og fimmtíu - krónur, sem er lán til Jóhanns Ringsteds á Seyðisfirði til að færa hús sitt. Skuldabrjef verður útgefið fyrir láninu með 1. veðrj. í húsi Ringsteds. Lánið endurborgist á 5 árum.

F. í

Í fjárhagsnefnd Reykjavíkur 25. ág. 1886

Jón Jensson
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með lofa og undir Skrifaður að ábirgjast
að Kristófer Bárðarsón eða fólk hanns komi ekkert
til þingslað fátækra Stjórn Reykjavíkur þó
hann deiji hjer til komandi fardaga 1887

Litlaseli 9 oktbr 1886

Ívarr Jonathansson

Til Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógeti Halldór Daníelsson hefur lánað mjer úr fátækrasjóði upp á væntanlegt samþykki fátækra-nefndarinnar 5 - fimm - krónur og afhendi jeg bæjarfógetanum að veði fyrir þessari upphæð silfur-belti.

Reykjavík 21. oktober 1886

Magnus Jónsson

Kaplaskjóli

26/1 87 fjekk Magnús ennfremur 2 kr. í þeim

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Jóhannes Sigurðsson á Vegamótabrú lofa hjer með að sjá um að Jón Bjarnason, sem hjá mjer býr með kvenmanni Margrjetu Kolbeinsdóttur og börnum þeirra Guðjóni og Júlíusi, hafi nóg fyrir sig að leggja frá þessum degi til næstkomandi fardaga, og ábyrgist sjálfur að nefndar persónur verði þurfi eigi að verða uppá fátækrasjóð Reykjavíkur kommar á tjeðu tímabili.

Reykjavík 7. oktober 1886

Jóhannes Sigurðsson

Vitundarvottar:

Ásmundur Sveinsson

Björn Kristjánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
úr
ávísunarbók Reykjavíkur 1886.

Sigurveig Ósk Friðfinnsdóttir
(sveitlæg í Bólstaðahlíðarhreppi)
1886, 24. júlí til ferðar norður (sjá lögreglu-þ. bók bls. 208)
ávísað hjá gjaldkera — — — Kr. 15,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur